

Alþingi
Erindi nr. P 137/241
komudagur 18.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 15. júní 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, þskj. 90 - 78. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna ráðningu starfsmanna. BSRB gerir engar athugasemdir við efni þess.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 137/319
komudagur 22.6.2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2009

Efni: Umsögn FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, 78. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dagsett 11. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, 78. mál, EES-reglur, ráðningarsamningar.

FÍŚ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

II. Ábendingar

Að mati FÍŚ gefur frumvarpið ekki tilefni til sérstakra ábendinga.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 17/2287
komudagur 18.6.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um tímabundna ráðningu starfsmanna, 78, mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Sú lagabreyting sem frumvarpið hefur í för með sér á rætur að rekja til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA um innleiðingu tilskipunar ESB um tímabundna ráðningu í kjölfar á dómi Evrúpudómstólsins í máli nr. C-212/04 Adeneler.

Haft var samráð við Samtök atvinnulífsins um þá tillögu til félags- og tryggingamálaráðherra sem frumvarp þetta byggir á. Hafa Samtök atvinnulífsins ekki athugasemdir við frumvarp þetta eins og það er úr garði gert.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 137/275
komudagur 19.6.2009



Starfsgreinasamband Íslands

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2009

Efni: 78. mál – Umsögn um breytingu á lögum nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Starfsgreinasamband Íslands gerir fyrirvara við að breyting sú sem hér um ræðir, úr 3 vikum í 6, nægi til að innleiða markmið tilskipunar 1999/70/EB með fullnægjandi hætti. Skal þá m.a. vísað til niðurstöðu Evrópudómstólsins í máium nr. C-212/04 *Adelener* og C-378/07 *Angelidaki*. Skv. niðurstöðu dómsins í máli C-212/04 *Adelener* getur ákvæði í lögum aðildarríkis, þess efnis að líði lengri tími en 20 dagar á milli ráðningarsamninga teljist samningur ekki taka við af fyrri ráðningarsamningi, eitt sér ekki tryggt markmið tilskipunarinnar um bann við mismunun. Að meginreglu eru ráðningarsamningar ótímabundnir og er þeirri meginreglu m.a. ætlað að tryggja starfsöryggi launamanna. Ákvæði líkt og það sem um var að ræða í *Adelener* var ekki talið til þess fallið að tryggja meginreglu um ótímabundna ráðningarsamninga og markmið tilskipunarinnar um starfsöryggi og bann við mismunun. Í máli C-378/07 *Angelidaki* kom m.a. fram að almennt verði að telja ákvæði í lögum aðildarríkis þar sem ofangreint hlé er 3 mánuðir nægilega langt til að markmið og tilgangur tilskipunarinnar sé virtur en hins vegar verði að líta til markmiðs tilskipunarinnar um bann við mismunun og starfsöryggi starfsmanna og skoða hvert tilvik fyrir sig. Þar verður að líta til þess m.a. hvort endurteknum ráðningum sé í raun ætlað að mæta þörfum vinnuveitanda sem séu ekki tímabundins eðlis heldur stöðugar og varanlegar. Af dómunum má álykta að efi leikur á að tímamörk þau sem lögð eru til með frumvarpinu ein sér geti tryggt markmið tilskipunarinnar svo óyggjandi sé, og er í því sambandi bent á að orlof starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði er almennt á bilinu 5-6 vikur. Starfsgreinasamband Íslands telur því ekki ljóst að frumvarpið innleiði „með fullnægjandi hætti tilskipun ráðsins 1999/70/EB.....“ líkt og segir í athugasemdum með frumvarpinu og sé þannig til þess fallið að uppfylla skilyrði og markmið tilskipunarinnar.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Fjóra Pétursdóttir, lögræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 137/403
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna (78. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu á tilskipun evrópuráðsins 1990/70/EB.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs